



Reykjavík 21. júní 2021

Brot Íslandsbanka hf. á fjárfestingarheimildum vörsluaðila lífeyrisparnaðar

Í desember 2020 barst Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands tilkynning frá Íslandsbanka hf. um brot á heimildum fjárfestingarleiðar vegna séreignarsparnaðar. Í tilkynningunni kom fram að eign umræddrar fjárfestingarleiðar í verðbréfasjóði (UCITS) hafi farið yfir 20% lögmælt hámark af heildareignum fjárfestingarleiðarinnar, sbr. 3. mgr. 39. gr. b. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, á tímabilinu 1.-10. desember 2020. Bankinn brást við þegar brotið uppgötvaðist og leiðrétti stöðuna að eigin frumkvæði innan lögmælt frests, sbr. 37. gr. laga nr. 129/1997. Fjárfestingin mældist hæst 23,2% af heildareignum. Seðlabanki Íslands óskaði eftir viðbótarupplýsingum í kjölfar tilkynningarinnar og hefur nú lokið athugun sinni.

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga sem aflað var komst Seðlabankinn að þeirri niðurstöðu að eftirlitskerfi Íslandsbanka hafi ekki falið í sér fullnægjandi vöktun, meðal annars til að tryggja að vægi eigna færi ekki fram úr lögbundnum takmörkunum, eins og þeim sem kæmu fram í 3. mgr. 39. gr. b. laga nr. 129/1997.

Seðlabankinn gerði því eftirfarandi tvær athugasemdir við Íslandsbanka:

- Að Íslandsbanki hafi gerst brotlegur við 3. mgr. 39. gr. b. laga nr. 129/1997, með því að fara fram úr lögbundnum fjárfestingarheimildum með fjárfestingu í verðbréfasjóði á tímabilinu 1.-10. desember 2020.
- Að áhættueftirliti hafi verið ábótavant, sbr. 1. mgr. 39. gr. b. og 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997, þar sem brotið hafi ekki verið greint þegar það átti sér stað.